

koma fyrir búnaði, sem soga út reyk eða ganga á annan hátt þannig frá málum að reykur berist ekki yfir á reyklausu svæðið. Hvorki má reykja við matargerð né í nánd við óvarin matvæli, sbr. 5. mgr., 10. gr. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 með síðari breytingum.

- 8.1.3 Þar sem tveir eða fleiri búa saman í svefnklefa eru reykingar óheimilar, nema með samkomulagi allra, sem þar búa. Reykingar í hvílum eru ávallt bannaðar.
- 8.1.4 Að öðru leyti en um getur í 8.1.1-8.1.3 fer um reykingar um borð í skipum skv. samkomulagi skipverja.
- 8.1.5 Ágreining, sem upp kann að koma um framkvæmd þessara reglna, skal leitast við að leysa um borð í skipinu með viðræðum skipstjóra og þeirra skipverja, sem í hlut eiga. Telji skipverji að reglur þessar séu brotnar og ekki hafi náðst að leysa ágreining í samræmi við ákvæði 1. mgr. getur viðkomandi kært það til trúnaðarmanns á viðkomandi skipi. Sætti skipverji sig ekki við úrlausn skv. 2. mgr. getur hann skotið málinu til Siglingamálastofnunar ríkisins.

9. Undanþágur, refsingar o.fl.

9.1. *Almennt.*

- 9.1.1 Siglingamálastofnun getur leyft frávik frá ákvæðum þessara reglna, þegar aðstæður um borð í einstaka skipi réttlætir það.
- 9.1.2 Varðandi brot á reglum þessum skal farið skv. V. og VII. kafla laga nr. 35. 30 apríl 1993. Um ákvæði 8. gr. fer skv. lögum nr. 74/1984 þó með tilliti til gr. 8.1.5
- 9.1.3 Eintak af reglum þessum skal vera í hverju skipi og aðgengilegt öllum um borð.

9.2. *Gildistaka.*

- 9.2.1 Reglur þessar sem settar eru samkvæmt lögum nr. 35. 30. apríl 1993 um eftirlit með skipum með síðari breytingum staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi ákvæði eftirgreindra reglna varðandi skip sem eru 20 metrar eða lengri:
- Reglur um vinnuöryggi á fiskiskipum stærri en 15 metrar, nr. 413/1988.
 - Reglur um vistarverur áhafna fiskiskipa, nr. 50/1979.

Samgönguráðuneytið, 23. janúar 1995.

Halldór Blöndal.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði.

1. gr.

1. gr. gjaldskrár nr. 557/1991 fyrir hundahald í Hafnarfirði hljóði svo:

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, sbr. b lið 2. gr. samþykktar nr. 515/1991 um hundahald í Hafnarfirði skal vera kr. 10.000.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. febrúar ár hvert.

2. gr.

Gjaldskrá þessi er samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar og staðfestist hér með til þess að öðlast gildi við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 13. mars 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgar-ráðs hefur verið ákveðið:

1. Að tvístefna verði á Tómasarhaga.
2. Að banna bifreiðastöður á vesturkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.
3. Að afnema stöðubann á austurkanti Þingholtsstrætis milli Bókhlöðustígs og Skálholtsstígs.

Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. mars 1995.

Böðvar Bragason.

e.u.

Sturla Þórðarson.

REGLUGERÐ

um vitagjald.

1. gr.

Við ákvörðun vitagjalda samkvæmt stærð skipa skal miðað við brúttótonnatölu skips samkvæmt alþjóðlegu mælibréfi, sem gefið er út samkvæmt ákvæðum alþjóðasamþykktarinnar um mælingu skipa frá 1969.

Vitagjald kr. 57,80 af hverju brúttótonni skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttótonn eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf tonn eða þar yfir teljast heilt tonn, en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 14,45.